

15. febrúar 2019

UMSÖGN UM FRUMVARP UM LOSUN AFLANDSKRÓNUHAFTA 486. MÁL 149. LÖGGJAFARÞINGS

Það ber að fagna því að fram er komið frumvarp sem slakar á aflandskrónuhöftum. Frumvarpið gengur samt ekki nógu langt því það setur enn óþarfa hömlur á suma aflandskrónueigendur, gengur sennilega ekki nógu langt til að samræmast skuldbindingum Íslands gagnvart EES samningnum og neyðir að óþörfu mikið af aflandskrónum út úr hagkerfinu.

Sagan mun sennilega sýna það að meðhöndlun aflandskrónueigenda hefur verið harðneskjulegri en þörf var á. Það er stórfurðulegt að Seðlabankinn hefur talið þörf á að tempra innflæði erlends fjármagns með innflæðishöftum á sama tíma og bankinn hefur haldið uppi aflandskrónuhöftum til að koma í veg fyrir útfæði erlends fjármagns. Hvaða vit hefur verið í því? Einnig hefur Seðlabankinn sýnt óþarfa óbilgirni með að banna endurfjárfestingu aflandskróna í öðru en ríkisvixlum eða vaxtalausum innlánsreikningum.

Til að sýna fram á hversu furðuleg aflandskrónuhöftin geta verið þá er dæmi um íslenskt félag (A) sem eignaðist kröfu á Klakka ehf. (íslenskt félag sem áður hét Exista hf.) eftir nóvember 2008. Af því að krafan sem A eignaðist var vistuð erlendis í nóvember 2008 er krafan talin til aflandskróna. A hefur fengið greiðslur í íslenskum krónum frá Klakka ehf. en það eina sem félagið hefur getað gert við þær er að vista þær á vaxtalausum aflandskrónureikningum eða keypt ríkisvixla. Félagið hefur ekki getað notað fjármunina til að greiða skuldir sínar og ekki einu sinni getað greitt skatta með þeim. Ef frumvarp þetta gengur óbreytt í gegnum þingið mun A þurfa að skipta aflandskrónum sínum í erlendan gjaldeyri, stofna reikning hjá erlendum banka til að færa fjármunina inn á og síðan flytja fjármunina aftur til Íslands og hugsanlega lenda í því að þurfa binda 20% fjármagnsins á vaxtalausum reikning í 12 mánuði. Hvaða vit eða réttlæti er í þessu?

FRUMVARPIÐ GENGUR Á SVIG VIÐ ALMENNAR VIÐSKIPTABRÉFAREGLUR AÐ NAUÐSYNJALAUSSU

Almenna viðskiptabréfareglur kveða á um það að kaupandi viðskiptabréfs eignist þann rétt sem bréfið ber með sér og ekki minni rétt en seljandinn.

Samkvæmt frumvarpinu getur eigandi ríkisverðbréfs (fjárfestir A) sem átt hefur bréfið samfellt frá því í nóvember 2008 fengið frjálsan ráðstöfunarétt yfir bréfinu samkvæmt 2. tl. 1. mgr. Hann getur átt það áfram eða selt það og notað andvirði þess til að borga íslenska skatta og skuldir eða fjárfest í hlutabréfum, skuldabréfum og fasteignum á Íslandi eða keypt gjaldeyri og flutt fjármunina til útlanda. Annar eigandi samskonar ríkisverðbréfs (fjárfestir B) sem eignaðist bréfið eftir nóvember 2008 og fellur undir 1. tl. 1. mgr. hefur samkvæmt frumvarpinu ekki sama rétt. Það eina sem B getur gert við bréfið samkvæmt frumvarpinu er að eiga það eða selja og kaupa gjaldeyri til að flytja á bankareikning erlendis.

Öll ríkisverðbréf sem eru nú talin aflandskrónubréf voru til í nóvember 2008. Fjárfestir B er síðasti í röð eigenda bréfsins sem hægt er að rekja aftur fyrir fjármagnshöft. Samkvæmt viðskiptabréfa-

reglum ætti fjárfestir B því að eiga sama rétt til ráðstöfunar á ríkisverðbréfaeign sinni og aðili A enda eru bréfin samskonar.

Í greinargerð með frumvarpinu er ekki gerð skýr grein fyrir hvað réttlæti að fara á svig við almennar viðskiptabréfareglur á þennan hátt en ef eitthvað má lesa úr greinargerðinni um það eru það helst vangaveltur um að fjárfestir B hafi hugsanlega keypt bréf sín á lægra verði en fjárfestir A!

Það er stórmál að sveigja til almennar viðskiptabréfareglur á þennan hátt og það gæti verið í andstöðu við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þingmenn verða að spyrja sig hvaða þörf er á þessari mismunum og þeir verða einnig að gera upp við sig hvort að mismunum sem þessi samræmist jafnræðis- og meðalhófsreglum stjórnsýslulaga.

AFLANDSKRÓNUHÖFT ERU ANDSTÆÐ EES SAMNINGNUM VIÐ NÚVERANDI EFNAHAGSÁSTAND

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að höft á aflandskrónueigendur séu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Í því sambandi er vísað til álits Eftirlitsstofnunnar EFTA (ESA) frá 23. nóvember 2016. Það sem gleymdist að taka fram var að álit ESA sem vísað er til byggðist á mati á efnahagsástandinu á Íslandi eins og það birtist í greinargerðum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) gaf út í febrúar 2015 og í apríl 2016. Í þeim greinargerðum AGS kom fram það mat þeirra að á þeim tíma væru aflandskrónuhöftin efnahagslega nauðsynleg. Í nýjustu skýrslu AGS um Ísland frá nóvember 2018 kemur fram það mat AGS í efnisgrein 37 á bls. 15 að umfang aflandskróna væri ekki slíkt lengur að þær ógnuðu jafnvægi í þjóðarbúskapnum og að aflétta ætti aflandskrónuhöftum.

Mat ESA árið 2016 var að aflandskrónuhöftin væru réttlætanleg með hliðsjón af hugsanlegum neikvæðum áhrifum losunar þeirra á erlendan greiðslujöfnuð þjóðarbúsins. Núna eru aðstæður í þjóðarbúskapnum aðrar og betri eins og nýjasta skýrsla AGS staðfestir. ESA mun nýlega hafa mótttekið nýja kvörtun vegna hafta á aflandskrónur og það er ósennilegt að stofnunin muni á nýjan leik geta réttlætt þessa hindrun á frjálsu flæði fjármagns með vísun stöðu efnahagsmála á Íslandi.

Þeir þingmenn sem vilja virða anda EES samningsins ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir samþykkja áframhaldandi höft á nýtingu aflandskrónueigna.

AF HVERJU Á AÐ NEYÐA AFLANDSKRÓNUR ÚT ÚR HAGKERFINU?

Samkvæmt frumvarpinu á að neyða stóran hluta aflandskrónueigenda til að skipta eignum sínum í erlendan gjaldeyri og flytja úr landi á bankareikninga í erlendum bankastofnunum. Þetta er furðuleg tilhögun því þessir fjármunir eru nú þegar inni í íslenska fjármagnskerfinu, í ríkisverðbréfum eða sem innlán og innistæðubríf Seðlabankans. Með því að þvinga þessa fjármuni út úr hagkerfinu er að óbreyttu verið að búa til krónuskort í fjármálakerfinu.

Þetta er enn furðulegra þegar litið er til umsagnar Seðlabankans um frumvarpið frá 12. febrúar en þar leggur Seðlabankinn áherslu á að frumvarpið verði orðið að lögum fyrir gjalddaga RÍKB19 þann 26. febrúar því annars muni sá hluti aflandskrónueigenda sem falla undir 2. tl. 1. mgr. frumvarpsins sennilega flytja fjármuni sína út úr landi með tilheyrandi álagi á gjaldeyrisforða Seðlabankans og samdrætti á framboði erlends fjár á innlendum skuldabréfamarkaði. Jafnframt kemur fram í þessari sömu umsögn bankans að það sé hans mat að nú séu uppi aðstæður til að færa hina sérstöku bindiskyldu niður í núll. Ef þetta er skoðun bankans af hverju er þá verið að neyða aflandskrónueigendur sem falla undir 1. tl. 1. mgr. frumvarpsins með fjármuni sína í gegnum gjaldeyrismarkaðinn?

Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og fleiri aðilar hafa lagt áherslu á mikilvægi erlendra fjárfestinga á Íslandi. Það skýtur því skökku við að stjórnvöld vilji neyða erlenda fjárfestingu sem þegar er til staðar í landinu út úr hagkerfinu.

TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á FRUMVARPINU

Hér að framan hefur verið fjallað um það sem finna má að 1. kafla frumvarpsins. Eðlilegast væri að nota tækifærið og fella einfaldlega lög 37/2016 úr gildi. Ef það er ekki talið tímabært þá legg ég til að 1. gr. frumvarpsins hljóði svo:

*Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði laga þessara er heimilt að taka aflandskrónueignir út af reikningum háðum sérstökum takmörkunum eða aflétta kvöðum skv. 5. og 6. gr. af aflandskrónueignum.*

Með þessari breytingu væru almennar viðskiptabréfareglur hafðar í heiðri, dregið verður úr hættu á því að ESA slái á puttann á stjórnvöldum vegna aflandskrónuhafta og jafnframt verður líklegra að aflandskrónur sem losna haldist inni í hagkerfinu og hjálpi til við að treysta hagvöxt á landinu.

Virðingarfyllt,



Gunnar Þór Gíslason

181165-3759.